

# Tryggingastofnun ríkisins

Reykjavík - Laugavegi 114  
Símnafni: Ríkistrygging  
Sími 19300

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ III 1723*

*komudagur 25/4 1989*

Reykjavík, 19. apríl 1989.

EGÐ/sj

Heilbrigðis- og trygginganefnd  
neðri deildar Alþingis  
Guðrún Helgadóttir formaður.

Á fundi tryggingaráðs 19. apríl s.l. var fyrir tekið erindi háttv. þingnefndar, dags. 22. mars 1989, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 67/1971 með síðari breytingum, 300. mál deildarinnar.

Tryggingaráð samþykkti að mæla með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu, að gildistími verði færður til 1. janúar 1990.

Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú, að ekki hefur verið áætlaður sá kostnaður, er af samþykkt frumvarpsins hlýst og því ekki unnt að gera tillögur um aukið fjármagn fyrr en nákvæm athugun hefur farið fram á þeim kostnaðarauka.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst  
TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

  
Eggert G. Þorsteinsson